

197
12. okt.

AUGLÝSING

um bann við veiði göngusilungs við Fnjóskárósa.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, er öll veiði göngusilungs bönnuð í sjó, fyrir strandlengjunni út frá Fnjóskárósi, frá Sæbóli að Kljáströnd að báðum jörðum meðtöldum.

Bann þetta gengur í gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.